

Tékklisti fyrir þuli á íþróttaviðburðum

Þulurinn er tenging knapa og áhorfanda við keppnina. Góður þulur lyftir keppni á hærra plan en slæmur getur truflað alla þá sem hlusta og í versta falli eyðilaggt forkeppni eða jafnvel úrslitakeppni með rangri leiðsögn. Það er mjög mikilvægt að þulurinn viti hvernig hann á leysa verkið af hendi.

Þetta skjal hjálpar þulum að þekkja skyldur sínar og hjálpar þeim sem skipuleggja keppni að velja réttan fólkið í starfið.

- Þulur ber ábyrgð á að framfylgja tímatöflu keppninnar. Þeir sjá til þess að þeir sem eru búnir yfirgefi brautina eins fljótt og auðið er og næsti hópur eða knapi komi fljótt og hiklaust inn.
- Þulur skal tala rólega, skýrt og koma öllum nauðsynlegum upplýsingum á framfæri.
- Upplýsingar sem ekki tengjast keppni skulu ekki trufla þá grein sem er í gangi. Upplýsingar um annað, eins og kvölddagskrár eða annað slíkt, ættu helst að vera einungis tilkynntar á milli greina.
- Stöðugt tal getur verið truflun, þulur skal forðast að tala bara til að tala.
- Góður þulur þarf að hafa góða og rólega rödd, góða þekkingu á reglum og geta axlað þá ábyrgð sem á þuli er.
- Þulur skal ávallt halda athygli sinni á keppninni. Hann verður að finna jafnvægið á milli þess að vera upplýsandi fyrir áhorfendur og án þess að að leika hlutverk dómara.
- Þulur má aldrei tjá sig um dómana.
- Þulur verður að þekkja vel reglur um hverja grein sem hann lýsir, áður en greinin hefst.

Þulurinn skal alltaf:

- Hafa fulla athygli á keppninni.
- Vera vingjarnlegur og upplýsandi.
- Ekki dæma frammistöðuna.
- Reynda að ofstjórnar ekki knöpunum en vera hreinskilin varðandi reglurnar.
- Halda ró sinni, sérstaklega ef eitthvað óvænt kemur upp á.

Áður en keppnir hefjast skal þulur:

- a. Hafa samband við yfirdómara.
- b. Staðfesta við yfirdómara hljóðstyrk tónlistarinnar.¹
- c. Hafa samband við yfirmann keppinnar.
- d. Undirbúa sig fyrir greinina sem er að byrja.
- e. Undirbúa FEIF tímatökubúnaðinn fyrir viðkomandi grein.²
- f. Kynna keppnisgreinina og láta fylgja stutta lýsingu fyrir þá áhorfendur sem ekki þekkja til íþróttarinnar.
- g. Kynna dómara, yfirdómara og ef þörf krefur aðra starfsmenn keppinnar.

Á meðan keppni stendur skal þulur:

- a. Kynna hvern knapa og hest sinn af virðingu og með fullu nafni.
- b. Aðeins tala meðan á dagskrá stendur og þegar þörf krefur.
- c. Alltaf nota FEIF tímatökubúnað til að tryggja að allir fái réttan tíma braut og hestarnir séu ekki beðnir um að vinna of lengi.
- d. Á meðan á úrslitakeppni stendur skal gefa keppendum merki um að feta á meðan einkunnir eru kynntar. Það er hluti af reglunum og í anda hestavelferðar og sanngirni. Ef knapar eru ekki á feti skal þulur hætta lestri einkunna og beina athygli að brautinni. Knapar mega færa sig til og dreifa úr sér á brautinni án þess þó að trufla aðra keppendum.
- e. Gæta þess að áður en næsti hluti hópgreinar hefst séu knapar vel dreifðir um brautina. Knapar ættu aðeins að dreifa úr sér eftir að þulur gefið þeim fyrirmæli um að gera svo.
- f. Gæta þess að knapar í hópgreinum byrji ekki næsta hluta áður en þeir fá fyrirmæli um slíkt. Ef knapar byrja of snemma, gefðu þeim fyrirmæli um að halda áfram á feti þar til þeim er boðið að byrja sýninguna.
- g. Samkvæmt reglum skal þulur stjórna keppninni. Hins vegar verður þulurinn líka að halda flæði sýninganna og reynda að byrja næsta hluta eins fljótt og hægt er, eftir að lestri einkunna í úrslitakeppninni er lokið.
- h. Þulur skal biðja áheyrendur að halda aftur af lófaklappi sínu þar til eftir að knapi hefur lokið sýningunni sinni.
- i. Þakka keppendum fyrir sýningarnar og kynna þá næstu.

¹Þulurinn skal athuga með yfirdómara hljóðstyrk tónlistarinnar. Hljóðstyrkur tónlistarinnar má ekki vera hærri en 85 dB (60 sekúndur að meðaltali). Ef hljóðið er of hátt þarf að lækka það og mæla það aftur. Mælingar sem gerðar eru með snjallsíma appi nægja. Mælingar má endurtaka allt mótið að mati yfirdómara.

² FEIF Timer er hluti af IceTestNG hugbúnaðinum (fáanlegt á vefsíðu FEIF) og app (fáanlegt frá Apple App Store). Báðar útgáfurnar bjóða uppá niðurtalningu á þeim tíma sem tilgreindur er í FEIF fyrir fjölda knapa á brautinni í hverjum hluta keppni eða úrslita. Það gefur frá sér hljóðmerki þegar tíminn líður sem gefur knöpum og dómurum tilfinningu fyrir þeim tíma sem eftir er á núverandi kafla.

Þegar fleiri en einn knapi er á brautinni:

- Minnið knapa vinsamlega um að bíða eftir leiðbeiningum frá þul áður en þeir byrja næsta hluta.
- Gakktu úr skugga um að gott bil sé á milli knapanna.

Áður en næsti hluti hefst:

- Gakktu úr skugga um að FEIF tímatökubúnaðurinn sé tilbúinn.
- Gakktu úr skugga um að gott bil sé á milli knapanna.

Í úrslitum á milli hluta

- Gakktu úr skugga um að knaparnir séu með hestana á afslöppuðu feti.
- Gakktu úr skugga um að allir knapar séu enn á feti áður en þú biður þá um að hefja næsta hluta.
- Í úrslitum í T2, í hléi á milli taumur gefinn atriðanna, 30 sekúndum áður en hlé endar, biðjið knapa að undirbúa hesta sína fyrir seinni hlutann á lausa taumum.